

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning 9. nóvember 2011

Fyrirtæki Fiskeldi HB Grandi, Berufirði

Heimilisfang

Kennitala 541185-0389

Isat nr.

Starfsemi Fiskeldi, 8.000 tonn/ári

Fulltrúi UST Gísli Jónsson

Starfsleyfi, gildir til 1. desember 2019

Tegund eftirlits Reglubundið

Fulltrúar fyrirtækis Kristján Ingimarsson

Staðsetning starfstöðvar (hnit)

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik er gert við starfsemina. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Litið yfir kvíarnar frá landi

Farið yfir nýtt starfsleyfi



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Í síðustu eftirlitsskýrslu var skráð frávik þess efnis að fyrirtækið væri eftir að klára vöktunarmælingar skv. eldri áætlun um mælingar og sbr. gr. 3.3 í eldra starfsleyfi. Gefin var frestur til 1. desember 2011 að skila niðurstöðum úr þeim mælingum, í bréfi með síðustu eftirlitsskýrslu. Skv. fulltrúa rekstraraðila var búið að gera mælingarnar en niðurstöður þeirra höfðu ekki ennþá borist. Niðurstöður bárust Umhverfisstofnun 6. janúar sl.

Frávik frá gildandi áætlun um vöktunarmælingar sbr. grein 3.3 í eldra starfsleyfi.

Önnur atriði:

Fimm kvíar eru í notkun af 19 sem er úti á sjó og um 70 tonn af þorski í kvíunum.

Farið var yfir helstu atriði sem voru uppfærð í nýju starfsleyfi, og m.a. minnt á að fyrirtækið þarf að skila inn vöktunaráætlun fyrir 31. desember 2011.

Eins og fram kom í síðustu eftirlitsskýrslu var notast við formalín vegna sýkingar í þorsknum núna í vor. Spurt var hvort einhver afgangur af formalíninu frá því vor og ef svo væri hvar hann væri geymdur. Fulltrúi fyrirtækisins taldi að eftir væri 70-80 lítrar sem geymdir væri í togaranum Stapaey sem er notaður sem fóðurprammi við kvíarnar.

Það var vandkvæðum háð að komast út í kvíarnar í eftirlitinu þar sem hvorugur bátanna sem notaðir eru við eldið voru tiltækir. Því hafa starfsmenn þurft að fá hjálp frá öðrum bátaeigendum á Djúpavogi til að komast út í fóðurprammann til að fæða þorskinn. Því var sleppt því að fara út að kvíum í þetta skipti.

Reykjavík, 29/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.